

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: N1 ehf.
kt. 411003-3370

Starfsstöð: Fjarðarbraut 41, 755 Stöðvarfjörður
Fastanúmer: 217-8410

Leyfið gildir frá 25. október 2019 til 25. október 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Eldsneytisafgreiðslu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: N1 ehf., kt. 411003-3370
Starfsstöð: Fjarðarbraut 41, 755 Stöðvarfjörður
Fastanúmer: 217-8410

Leyfið gildir frá 25. október 2019 til 25. október 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Eldsneytisafgreiðslu með þvottaplani**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 24. júlí 2019.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða bensínstöð þar sem selt er jarðefnaeldsneyti. Eingöngu er um að ræða sjálfsafgreiðslu.

Á lóðinni er einn tvískiptur 50.000 L neðanjarðar stálgeymir. Birgðarými hans skiptist í 30.000 L 95 oktan bensín og 20.000 L díselolíu.

Geymirinn var smíðaður árið 2000 og uppfyllir staðalinn ÍST EN 12285. Um er að ræða tvöfaldan stálgeymi með lekaeftirliti í rými milli ytra og innra geymis. Holrúm milli birgða er með undirþrýstingi til eftirlits með leka úr eldsneytisgeymi.

Hæðarstýrður aðvörunarbúnaður sem yfiryllivörn er í tönkum. Útloftun tengist þrýstistýrum inn- og útloftunarbúnaði. Útloftun bensíngeymis er tekin til baka í tankbíl við áfyllingu.

Fráveita frá áfylli- og afgreiðsluplani er leidd um sand- og olíuskilju. Fráveita frá þvottaplani er leidd um sandfang.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Starfsleyfisskilyrði fyrir bensínstöðvar*

2. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

2.1. Mengunarvarnir fráveitu

2.1.1. olúskilja

Fráveita frá áfylli- og afgreiðsluplani er leidd um sand- og olúskilju. Um er að ræða sambyggða sand- og olúskilju sem uppfyllir staðalinn ÍST EN 858, með sýnatökubrunni að aftan. Skiljan er með 2 m³ olúfang og 1 m³ sandfang. Sjálfvirkur viðvörunarbúnaður vegna yfirfyllingar er ekki á skiljunni.

Mæla skal magn olú í skiljunni mánaðarlega þar til búið er að koma á sjálfvirkum viðvörunarbúnaði. Tæma og hreinsa skal eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um olúskiljur. Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

2.1.2. Sandfang

Fráveita frá þvottaplani er leidd um sandskilju. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók.

2.2. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnarbúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía geti borist í niðurföll.

Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um lokubúnað á olúskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður.

3. Prófanir og sýnatökur

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

3.1. Sýnataka af fráveitu frá olúskilju

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni frá olúskilju á þriggja ára fresti, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Rannsaka skal magn olú og fitu í fráveituvatninu. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olú í fráveituvatni frá skiljunni. Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og skráðar í rekstrarhandbók starfstöðvar.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

3.2. Þrýstiprófanir

Rekstraraðili skal láta þrýstiprófa olúlagnir eftir breytingar og viðgerðir. Niðurstöður prófana og breytinga skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

3.3. Sjálfvirkur búnaður

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema, loka o.þ.h., árlega. Niðurstöður skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

4. Handbók innra eftirlits, rekstrarhandbók

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfstöðina sem skal vera aðgengileg fyrir umsjónaraðila starfstöðvar og eftirlitsaðila. Heimilt er að vista handbókina miðlægt.

4.1. Tæknilegar upplýsingar

Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og olúgeyma, olú- og sandskiljur, olúlagnir og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, slökkvibúnað, útsláttar-rofa fyrir dælubúnað og dælu- og rafbúnað.

Halda skal skrá yfir olúgeyma þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning olúgeymis, olútegund, númer geymis, byggingarár, líftími olúgeymis sé hann uppgefinn, stærð og smíðastaðall. Ennfremur skal skrá tegund yfirfyllivarnar og tegund lekaviðvörunar.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna.

4.2. Innra eftirlit

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Í handbókina skal skrá og dagsetja innra eftirlit með eftirfarandi atriðum eftir því sem við á:

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olú- og sandskiljum. Við tæmingu skal skrá magn sands og olúsora sem er tekið
- Rannsóknaniðurstöður á fráveituvatni frá olúskilju
- Eftirlit og meiriháttar viðhald, endurbætur og feril olúgeymis
- Mánaðarlegt birgðauppgjör geyma
- Eftirlit með millibyrði geyma
- Þrýsti- og lekaprófanir á geymum og lögnum
- Niðurstöður þykktamælingar á geymum
- Árlegar prófanir á sjálfvirkum búnaði
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna

5. Mengunarslys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

6. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal það tilkynnt Heilbrigðieftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarpörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olúgeyma, olúskilja og lagna er byggingaleyfisskilt.

Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olúgeymum á staðnum, ásamt lögnum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

7. Annað sem varðar starfsemina

7.1. Fráveita

Afrennsli frá olúskilju og sandfangi er leitt í fráveitu sveitarfélagsins.

Um fráveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*
- *Samþykkt sveitarfélagsins*

7.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

7.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

8. Kröfur vegna starfsleyfis

Krafa er um að fyrir lok október 2022 verði olúskiljan útbúin sjálfvirkum viðvörunarbúnaði í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í reglugerð 884/2017.

25. október 2019

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir

heilbrigðisfulltrúi